

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um stuðning við íbúa á herteknum svæðum í Palestínu og Sýrlandi.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvaða stuðning og framlög hafa opinberir aðilar veitt íbúum hertekinna svæða í Palestínu og Sýrlandi á sviði heilbrigðis- og mannúðarmála frá árinu 1993:
 - a. til opinberra verkefna,
 - b. til samstarfsverkefna,
 - c. til verkefna eða starfa á vegum hjálparstofnana?
2. Hafa stjórnvöld beitt sér á alþjóðavettvangi fyrir eftirliti og/eða aðgerðum gegn ofbeldis- og mannréttindabrotum á herteknum svæðum í Palestínu og Sýrlandi? Ef svo er, hvernig hefur sú afstaða Íslands komið fram?

Skriflegt svar óskast.